

## 34. Frumvarp

til laga um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

### 1. gr.

Bæjarfélag eða hreppsfélag, sem er í svo mikilli fjárþröng, að það telur sér ekki fært að standa í skilum, getur snúið sér til atvinnumálaráðherra, um aðstoð eftir lögum þessum, ef ætla má, að ekki greiðist úr í náinni framtíð.

### 2. gr.

Beiðni um aðstoð, sem í 1. gr. getur, skulu fylgja nákvæmar skýrslur um eignir og skuldir sveitarfélags, hvern arð eignir gefa, hvaða veðbönd hvila á þeim, hvernig skuldum er fyrir komið, af hverju þær stafa, hve mikið af þeim er fallið í gjalddaga, hversu þær eru tryggðar og annað, sem telst skipta máli, er athuga skal nákvæmlega fjárhag sveitarfélags.

Ennfremur skal fylgja beiðni afrit af síðustu skattskrá og niðurfjöfnunarskrá og greinargerð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um hverjar aðalástæður séu til fjárþrotanna.

### 3. gr.

Nú hefir ráðherra borizt beiðni samkvæmt 2. gr., en hann telur fjárhag sveitarfélagsins þannig, að það geti uppfyllt skyldur sínar án aðstoðar, og synjar hann þá um aðstoðina og færir rök fyrir.

### 4. gr.

Nú hefir ráðherra borizt beiðni samkvæmt 2. gr., sem hann telur bera með sér, að svo sé ástatt um sveitarfélagið, sem í 1. gr. getur, og skipar hann þá mann til þess að vera til aðstoðar sveitarfélagi eftir því, sem lög þessi mæla fyrir.

### 5. gr.

Aðstoðarmaður sveitarstjórnar, sem um ræðir í 4. gr., skal kynna sér nákvæmlega allan hag sveitarfélags og athuga nákvæmlega í samráði við sveitarstjórn hvort fjárhagsörðugleikunum verði af létt með því að draga úr gjöldum eða auka tekjur eða hvorttveggja. Telji aðstoðarmaður það fært, án þess að vanræktar séu skyldur sveitarfélags eða íbúum þess íþyngt um of, skal hann bera málið undir sveitarstjórn og senda það síðan ráðherra ásamt tillögum sínum og sveitarstjórnar. Ráðherra sker þá úr, hvort fylgja skuli tillögum aðstoðarmanns að nokkru eða öllu leyti eða hvort hreppnum skuli látin í té frekari aðstoð eftir lögum þessum.

### 6. gr.

Nú verður ekki bót ráðin á fjárhagsörðugleikum sveitarfélags með þeim hætti, sem í 5. gr. getur, og skal þá aðstoðarmaður reyna að koma á samkomulagi milli sveitarstjórnar og skuldheimtumanna sveitarfélags um greiðslu skulda

með eða án greiðslufrests og með eða án eftirgjafar eða vaxtahækkunar. Í þeim tilgangi getur aðstoðarmaður kallað saman skuldheimtumenn eða umboðsmenn þeirra þar sem hentast þykir. Á fundi þeim skal liggja fyrir nákvæm skýrsla eins og segir í 2. gr. Ef samkomulag næst milli aðilja á fundinum eða á annan hátt, er málinu lokið.

#### 7. gr.

Nú heppnast aðstoðarmanni ekki að koma á samkomulagi samkvæmt 6. gr., en hann telur, að sveitarfélag geti uppfyllt þá skilmála, sem í boði voru, og skal þá bera málið undir ráðherra eftir reglun 5. gr. og sker hann úr.

#### 8. gr.

Ef samkomulag hefir ekki náðst samkvæmt 6. gr. og málið er ekki útkljáð samkvæmt 7. gr., skal aðstoðarmaður í samráði við sveitarstjórn semja yfirlit yfir þau gjöld, sem sveitarfélag getur komið af með minnst og þær tekjur, sem fært þykir að afla eftir gildandi lögum, án þess að íbúum þess sé íþyngt um of. Yfirlit þetta, með umsögn sveitarstjórnar, sendir aðstoðarmaður skuldheimtumönnum sveitarfélags, þeim er það varðar, í ábyrgðarbréfi svo og þeim, sem í ábyrgð kunna að vera, ásamt tillögum sínum um hversu skuli fara um þann hluta skuldanna, sem yfirlitið sýnir, að ekki getur orðið greiddur eins og þá er ástátt.

#### 9. gr.

Í tillögum eftir 8. gr. getur aðstoðarmaður lagt til:

- a) Eftirgjöf skulda að nokkru eða öllu leyti.
- b) Greiðslufrest um ákveðinn tíma.
- c) Vaxtalækkun eða brottfall vaxta,

allt eftir því sem hann telur óhjákvæmilegt með hliðsjón af fjárhag sveitarfélags.

Í tillögunum skal fara eftir reglum 81.—89. gr. skiptalaga 12. apríl 1878 að því leyti, sem þær eiga við. Skuldir við önnur sveitarfélög teljast ekki forgangsskuldir, nema veð sé fyrir.

#### 10. gr.

Nú er skuld tryggð með veði og skal þá selja veðið eftir fyrirmælum 87. gr. skiptalaga 12. apríl 1878, eins fljótt og við verður komið og áður aðstoðarmaður gerir tillögur eftir 8. og 9. gr. Ráðherra getur, ef aðstoðarmaður leggur það til, krafizt þess, að veðið sé lagt út sveitarfélaginu fyrir hæsta boð, sem uppboðsráðandi tekur gilt. Ráðherra getur einnig ákveðið greiðsluskilmála, enda er þá andvirðið tryggt með veði í eigninni og ábyrgð sýslusjóðs.

Þegar svo stendur á sem segir í þessari grein greiðast ekki innheimtulaun af söluandvirði.

#### 11. gr.

Nú samþykkja  $\frac{2}{3}$  skuldheimtumanna, sem ráða yfir minnst  $\frac{2}{3}$  þeirra skulda, sem tillögur aðstoðarmanns ná til, að ganga að því, sem í tillögunum greinir,

og er það þá bindandi fyrir hina skuldheimtumennina. Atkvæðisrétt eiga þeir einir, sem úrslit atkvæðagreiðslunnar snertir fjárhagslega.

Skuldheimtumenn, sem ekki hafa komið svari sínu til aðstoðarmanns áður 3 mánuðir eru liðnir frá því hann afhenti tillögur sínar á póst, teljast samþykkja þær.

#### 12. gr.

Nú fæst ekki fullnægjandi samþykki skuldheimtumanna samkvæmt 11. gr., og sendir þá aðstoðarmaður skjöl málsins til ráðherra ásamt skýringum sínum. Ráðherra leggur síðan úrskurð á málið, að fengnum nánari upplýsingum, ef hann telur þeirra þörf.

#### 13. gr.

Í úrkurði þeim, sem í 12. gr. getur, er ráðherra heimilt að ákveða:

- a) Að skuldir skuli gefnar eftir að nokkru eða öllu leyti
- b) Að skuldir skuli greiddast á ákveðnum fresti
- c) Að vextir skuli lækka eða falla niður

allt eftir því, sem hann telur óhjákvæmilegt með hliðsjón af fjárhag sveitarfélags.

Ákvörðun þá, sem um ræðir í a-lið þessarar greinar má ráðherra þó því aðeins gera að

- a) Skrifstofustjórinn í atvinnumálaráðuneytinu, lögmaðurinn í Reykjavík og hafstofustjórinn telji að hinar eftirgefna skuldir séu að mestu eða öllu leyti tapaðar með hliðsjón af gjaldgetu og framtíðarhorfum, enda sé ekki framfar gengið í eftirgjöfum en embættismenn þessir eru sammála um að leggja til.
- b) Ríkissjóði sé gert að greiða allt að 10% af hinu eftirgefna.
- c) Hlutaðeigandi sýslusjóði sé gert að greiða jafnmikið og ríkissjóði af hinu eftirgefna, nema ráðherra telji, að fengnum upplýsingum, fjárhag sýslufélags svo þröngan, að greiðslan verði því til verulegs hnekkis.

#### 14. gr.

Eignir sveitarfélags verða ekki teknar til gjaldþrotaskipta.

#### 15. gr.

Aðför eða kyrrsetning getur ekki farið fram hjá sveitarfélagi, sem leitað hefir aðstoðar eftir lögum þessum. Þó má veðhafi í fasteign gera aðför.

#### 16. gr.

Meðan stendur á ákvörðunum þeim, sem lög þessi ráðgera, ber aðstoðarmanni og sveitarstjórn, að viðlagðri ábyrgð að lögum, að sjá um, að í fjármálafnum sveitarfélags sé ekkert aðhafzt, sem rýri möguleika skuldheimtumanna til að fá greiðslu. Fyrir því má ekki inna af hendi önnur gjöld en þau, sem þarf til að halda uppi lögboðinni starfsemi svo að sæmilegt sé, eða samningsbundnar greiðslur af fasteignaveðslánum.

17. gr.

Þóknun aðstoðarmanna sveitarfélaga eftir lögum þessum greiðir ríkissjóður eftir reikningi, sem ráðherra úrskurðar.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hin síðari árin hefir það hvað eftir annað komið fyrir, að hreppsfélög hafa lent í greiðsluörðugleikum og hefir á ýmsan hátt verið reynt að hlaupa undir bagga með þeim. En sú hjálp, sem hægt hefir verið að veita, hefir í ýmsum tilfellum reynzt ófullnægjandi og til munu þau hreppsfélög vera, sem talsvert mörg síðari árin hafa safnað skuldum árlega og sjá þess engan kost að standa í fullum skilum. Þetta ástand er ekki viðunandi, en úr þessu hefir ekki verið hægt að bæta, meðal annars af því að löggjöf var ekki til um hversu fara skyldi með sveitarfélag, sem lent hefir í greiðsluþroti. Ákvæði laga um greiðsluþrot einstaklinga og félaga eiga ekki við um sveitarfélög og hefir því þótt rétt að gera tilraun til að setja nýja löggjöf um þetta efni.

Hversu mörg þau sveitarfélög eru nú, sem eru í þrotum, verður ekki sagt með vissu, enda skiptir það í þessu sambandi ekki mjög miklu máli. Hitt er víst, að í þessu máli er nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar, því að ella er hætt við að svo geti farið, að sveitarfélag lamist svo, að það gefist upp og hætti öllum greiðslum, jafnvel þeim, sem það þó gæti innt af höndum. Almennt viðskiptaöryggi krefst og þess, að ófáanlegar skuldir séu gerðar upp og tap komi niður, þar sem óhjákvæmilegt er.

Þegar gera á upp hag sveitarfélags veldur það einna mestum örðugleikum að kveða á um, hve mikið það getur greitt, sökum þess, að það er mjög undir greiðslugetu íbúanna komið, en hún getur breytt til muna frá ári til árs. Með tilliti til þessarar óvissu og vegna þess að þetta verður að vera undir mati komið, hefir það ráð verið tekið í frv. þessu, að láta ríkissjóð og eftir atvikum sýslusjóð bæta skuldheimtumönnum að nokkru það, sem þeir tapa. Ber á þetta að lita sem einskonar tryggingarráðstöfun gagnvart skuldheimtumönnum. Það sýnist sem sé auðsætt, að varla verði lagðar fjárhagsbyrgðar á ríkissjóð eða sýslusjóð nema vist sé talið, að sveitarfélag geti ekki greitt. Það sem ríkissjóður og sýslusjóður legðu fram yrði því eins og uppbót til skuldheimtumanna fyrir þá von, sem þeir ella kynnu að hafa um greiðslu síðar vegna breyttra kringumstæðna. Að öllu athuguðu verður varla séð, að skuldheimtumönnum sé með þessu gert rangt til.

Um einstakar greinar frv. þykir rétt að taka fram það, sem hér segir:

Um 1. gr.

Það virðist réttast að láta mál þessi ganga gegnum stjórnarráðið að því leyti sem unnt er, því að með því móti ættu þær ráðstafanir, sem frv. ráðgerir, að verða ódýrastar og mest samræmi í þeim.

Um 2. gr.

Þykir ekki gefa tilefni til athugasemda.

Um 3. gr.

Það er vel hugsanlegt að sveitarfélög biðji um aðstoð án brýnnar þarfar og er þá sjálfsagt að heimilt sé að synja beiðninni.

Um 4. gr.

Það er óhjákvæmilegt að skipa mann til þess að hafa hönd í bagga með bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Af þessu leiðir nokkur kostnaður, en verulegur ætti hann ekki að þurfa að vera.

Um 5. gr.

Fyrri hluti gr. er sjálfsagður, en um síðari hlutann er rétt að geta þess, að þar sem vel má vera, að það komi í ljós við rannsókn aðstoðarmanns, að sveitarfélag geti bjargast á eigin spýtur, verður að vera heimild til að láta frekari aðgerðir falla niður, ef slíkt kemur í ljós.

Um 6. gr.

Í þessari gr. er gert ráð fyrir eins konar skiptafundi. Ef skuldheimtumenn eru í fjarlægð er gert ráð fyrir, að aðstoðarmaður sjái um, að þeir fái sér umboðsmann. Á fundi þessum verður aðstoðarmaður að reyna að koma á samkomulagi milli sveitarstjórnar og skuldheimtumanna og ætti að mega gera ráð fyrir, að það heppnist í mörgum tilfellum.

Um 7. gr.

Að sjálfsögðu verður sveitarfélag að gera það sem unnt er til að standa í skilum. Fyrir því verður að vera heimild til að fyrirskipa að ganga að skilmálum skuldheimtumanna, þegar þeir eru þannig að álita verður, að sveitarfélag geti uppfyllt þá.

Um 8. gr.

Ef þær aðgerðir, sem gert er ráð fyrir í undanfarandi gr. leiða ekki til neinna lykta á málinu, verður að leita einskonar nauðasamninga við skuldheimtumenn.

Um 9. gr.

Í þessari gr. er sagt fyrir um hvað skuli standa í frumvarpi til samninga. Að öðru leyti gefur gr. ekki tilefni til athugasemda.

Um 10. gr.

Sérstök ákvæði eru nauðsynleg um veðsettar eignir. Oft kemur það fyrir, að slíkar eignir eru lagðar út veðhöfum fyrir minna en þær eru verðar. Þess vegna er ástæða til að tryggja sveitarfélagi, að það megi ganga inn í hæsta boð. Með þessu er veðhafa ekki gert rangt til, því að honum er frjálst að bjóða það sem hann telur eignina verða. Hinsvegar getur sveitarstjórn verið alveg nauðsynlegt að halda eigninni, en á uppboð verður hún að fara til þess að vita hvort veðhafi á kröfu á meiru en andvirði eignarinnar.

Um 11. gr.

Það er álitamál hve mikinn meiri hluta á að þurfa til þess að tillögur aðstoðarmanns teljist bindandi fyrir alla. Hér er stungið upp á  $\frac{2}{3}$  og sýnist það nóg.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Í þessari gr. er gert ráð fyrir að valdbjóða eftirgjafir og greiðsluskilmála ef ekkert samkomulag hefir náðst. Þetta valdboð er þó mörgum og miklum skilyrðum bundið og öll ganga þau út á að tryggja það, að ekki sé gengið á rétt skuldheimtumanna. Í gr. virðist svo strangt eftir þessu gengið, að engin hætta sé á að gengið sé of nærri eignarréttj skuldaeigenda.

Um 14.—15. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru sjálfsögð.

Um 17.—18. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.